

Nd.

90. Frumvarp til laga

[56. mál]

um breyting á lögum nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

2. málslíður 7. gr. laganna orðist þannig:

Námsbókagjald skal vera 15 krónur á heimili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 116/1940, um breytingar á lögum nr. 82/1936.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Námsbókagjald hefur síðan 1940 verið 7 krónur fyrir hvert heimili, þar sem skólaskyld barn er. Kostnaður við útgáfu námsbókanna síðasta reikningsár (1. apríl 1949 til 31. marz 1950), nam um kr. 163500.00, en tekjurnar (námsbókagjaldið) 1949 kr. 70000.00, og er því tekjuhallinn rösklega 90 þús. kr. Er það heldur ekki að undra, þar sem miklar verðhækkningar hafa orðið á þessu árabili, en námsbókagjaldið ekki verið hækkað. Með þeirri hækkun, sem hér er ráðgerð, myndu fást 150 þús. kr. tekjur, og nægir það þó ekki fyllilega til að standast árlegan kostnað miðað við síðasta reikningsár.